

# Ársskýrsla

## UNIFEM á Íslandi 2009



Prúnarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna



# UNIFEM í stuttu máli



Próunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, UNIFEM, var stofnaður árið 1976 í kjölfar heimsráðstefnu SP um málefni kvenna í Mexíkó 1975. Þar varð ljóst að þörf var á sérstökum sjóði fyrir konur til að efla þróun og framfarir. Ljóst er að sjóðnum hefur tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og réttindum á þeim rúmu 30 árum sem hann hefur verið starfræktur.

UNIFEM fer með umboð Sameinuðu þjóðanna til að vinna að jafnrétti kynjanna og á að vera brautryðjandi á sviði kynjajafnréttis í alþjóðlegri þróunarsamvinnu SP. Hlutverk UNIFEM er að styðja frumkvæði og nýjungar í aðferðum til að bæta stöðu kvenna í samræmi við landsstefnur og alþjóðleg markmið. Auk þess að stuðla að aðkomu og þátttöku kvenna í þróunarsamvinnu.

Starfi UNIFEM má skipta í fjóra málaflokka:

- Uppræta ofbeldi gegn konum.
- Auka efnahagslegt öryggi kvenna og draga úr fátækt.
- Auka aðkomu kvenna að lýðræðislegri uppbyggingu ríkja, bæði á friðar- og stríðstímum.
- Draga úr útbreiðslu HIV/alnæmis meðal kvenna og stúlkna.

UNIFEM starfar víða um heim en með sérstakri áherslu á þróunarlönd og stríðshrjáð svæði. Höfuðstöðvar sjóðsins eru í New York og treystir sjóðurinn alfarið á frjáls framlög frá ríkisstjórnnum, fyrirtækjum og einstaklingum. Sjóðurinn hefur endurtekið verið nefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SP en þar er annars vegar horft til fjármálastjórnar stofnunarinnar og hins vegar til skilvirkni þróunarverkefna á hennar vegum.

UNIFEM á Íslandi er ein af 18 landsnefndum UNIFEM en þær eru frjáls félagasamtök sem styðja við starf sjóðsins. Markmið UNIFEM á Íslandi er að afla fjár til verkefna UNIFEM frá hinu opinbera, fyrirtækjum og einstaklingum sem og kynna og auka áhuga landsmanna á UNIFEM. Þar að auki sinnir landsnefndin því hlutverki að vera málsvari kvenna í þróunarlöndum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti friðar og framfara.

Próunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna





# Efnisyfirlit

4	Ávarp formanns
5	20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi
6	Systralagið
7	Innanlandsstarf 2009
11	Styrktaraðilar UNIFEM á Íslandi
12	Ársreikningur UNIFEM á Íslandi
13	Overview of 2009 – English summary
15	Stjórn UNIFEM á Íslandi 2009–2010



# Ávarp stjórnarformanns

Ég held að eitt það versta sem hver manneskja getur hugsað sér er að lifa lífi án vonar og tækifæra. Án möguleika á að afla sér lækninga við sjúkdómum, án vonar um réttlæti og án vonar um mannréttindi. UNIFEM hefur frá árinu 1976 unnið að því að bæta stöðu kvenna í heiminum öllum, með sérstakri áherslu á þróunarlönd og stríðshrjáð svæði. Tölulegar staðreyndir tala sínu máli: Þar sem fátækt vofir yfir og stríð geysa eru það konur og stúlkur sem eru í mestri hættu á að verða fyrir áföllum. Líkamar kvenna eru notaðir sem vopn í stríði og það er víða á meginábyrgð kvenna að fæða og klæða börnin. Samt sem áður eiga konur aðeins 1% eigna í heiminum og þær vinna mun fleiri vinnustundir en karlar. Ein af hverjum þremur konum verður fyrir ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni og tveir þriðju af ólæsum ungum einstaklingum eru stúlkur.

Grundvöllurinn fyrir starfi UNIFEM á alþjóðavísu er Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (CEDAW). Með aðild að Kvennasáttmálanum skuldbinda ríki sig til þess að taka mið af jafnréttissjónarmiðum við lagasetningar, og afnema öll lög sem hamla því að jafnrétti kynjanna verði náð. Það er stórt verkefni að kynna Kvennasáttmálann fyrir konum um heim allan, og þeim réttindum sem hann færir þeim. UNIFEM hefur unnið ótult starf við að þrýsta á ríkisstjórnir heimsins að gerast aðilar að

Kvennasáttmálanum og hafa 185 ríki gert það í dag.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hefur nú tekið þátt í þessari baráttu í 20 ár. Á þessum tuttugu árum hefur starf landsnefndar UNIFEM vaxið jafnt og þétt. Félagar og styrktaraðilar UNIFEM á Íslandi voru um áramótin 2009/2010 orðnir tæplega 1300 talsins og fjölgar óðum í hópnum. Styrktaraðilaverkefnið *Systralagið*, var sett á laggirnar í júní 2009 og viðbrögð almennings voru stórkostleg. Þau sýna svo ekki verður um villst skilninginn á því óréttlæti sem konur búa við og vilja til þess að breyta því. Þessi vilji hefur einnig komið skýrt fram í þeim stóra hópi sjálfboðaliða sem unnið hefur óeigingjarnt starf fyrir UNIFEM á Íslandi á þessu starfsári.

Fjöldmörg verkefni hafa verið unnin nánast eingöngu í sjálfboðavinnu og má þar nefna kynningar utan Reykjavíkur og framkvæmd 20 ára afmælishátíðar. Fyrir frjáls félagasamtök með takmarkaða yfirbyggingu eins og UNIFEM er þátttaka sjálfboðaliða lykilatriði til að ná árangri og fá þeir miklar þakkir fyrir.

Þótt margvíslegur árangur hafi hlotist af starfsemi UNIFEM á undanförunum árum þá eru verkefni framtíðarinnar ærin. UNIFEM á Íslandi mun áfram vinna að því að upplýsa almenning um stöðu kvenna á heimsvísu, styrkja verkefni með fjárframlögum þar sem vanda-



málin eru stærst og þrýsta á stjórnvöld að aðhafast í málefnum er varða jafnan rétt kynjanna. UNIFEM á Íslandi mun áfram sinna því mikilvæga hlutverki að veita konum um heim allan von og tækifæri til að brjótast út úr vonlausum aðstæðum fátæktar, sjúkdóma, ofbeldis og óréttlætis og ég hvet þig lesandi góður til að taka þátt í því starfi með okkur.

Virðingarfyllt,  
Ragna Sara Jónsdóttir

# 20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi

Miðvikudaginn 25. nóvember var haldið upp á 20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi með glæsibrag. Afmælishátíðin var haldin í Þjóðleikhúskjallaranum og mættu um 140 gestir til veislunnar. Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt en fram komu bæði trúðar og forsætisráðherra, skáld og flóttakona, tónlistarkonur og hugsjónakonur svo eitthvað sé nefnt!

Systralag og samstaða einkenndi undirbúning hátíðarinnar og að lokum var útkoman frábær kvöldstund þar sem hugsjón UNIFEM um að allar konur heimsins búi við frelsi, tækifæri og von var rauði þráðurinn. UNIFEM á Íslandi vill nota tækifærið og senda sínar allra bestu þakkir til þeirra fjölmörgu aðila sem að viðburðinum komu.



Stofnendur UNIFEM á Íslandi Kristjana Milla Thorsteinsson og Sæunn Andrésdóttir sögðu frá upphafsárum félagsins.



Trúðurinn Gjóla sagði sögu af fiðrildum sem aldrei gefast upp hvað sem á bjátar.



Lina Mazar (til vinstri á myndinni) er frá Palestínu en hefur búið allt sitt líf í Írak þar til hún kom sem flóttakona til Íslands árið 2008. Lina sem er þrítug dvaldi við erfiðar aðstæður í flóttamannabúðum í eyðimörk í tvö ár ásamt þremur börnum sínum. Hún sagði sögu sína og hvatti til samstöðu með konum í Palestínu og Írak sem búa við langtíma stríðsástand.



Fjölmargir sjálfboðaliðar lögðu hönd á plóg við framkvæmd og undirbúning afmælisins. Framlög þeirra voru af öllum stærðum og gerðum; gefin voru vinnuframlög, vörur og afslættir svo dæmi séu nefnd. Allt skiptir þetta sköpum fyrir samtök eins og UNIFEM sem leggja sig fram um að sinna verkefnum sínum og viðfangsefnum af alúð og elju án þess að kosta til of miklu. Hugmyndafræðin er alltaf sú að geta styrkt verkefni í fátækustu löndum heims með sem myndarlegustum hætti. Þess vegna skiptir framlag hvers og eins máli.



Í kjölfar afmælisveislunnar stóð UNIFEM ásamt kvennahreyfingunni og fleiri mannréttindasamtökum á Íslandi fyrir ljósagöngu til að vekja athygli á að friður ríkir ekki í raun fyrr en búið er að uppræta ofbeldi gegn konum í öllum sínum birtingarmyndum. Gengið var frá Þjóðmenningarhúsinu að Sólfarinu þar sem Friðarsúlan var sérstaklega tendruð í tilefni viðburðarins.

# Systralagið



Megintilgangur Systralagsins er að fjölga mánaðarlegum styrktaraðilum UNIFEM á Íslandi til þess að auka til muna framlög til verkefna UNIFEM víðsvegar um heim. Reynslan hefur sýnt að þetta er árangursrik leið í fjáröflun. Framlög Systralagsins skipta sköpum fyrir starfsemi UNIFEM vegna þess að þau gera UNIFEM kleift að skipuleggja langtíma þróunaraðstoð og aðstoða þær konur sem þurfa mest á hjálpinni að halda hverju sinni.



Ráðnir voru fimm götukynnar sem kynntu UNIFEM á götum borgarinnar í sex vikur í sumar. Með krafti sínum og gleði skráðu götukynnarnir 350 systur í Systralagið auk þess að kynna starf UNIFEM fyrir fjölda fólks. Undir lok árs 2009 voru UNIFEM-Systurnar orðnar 500. UNIFEM á Íslandi þakkar Íslendingum þessi frábæru viðbrögð.



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söngkona gerðust þann 16. júní fyrstu UNIFEM-Systurnar með því að skrifa undir styrktarsamkomulag um mánaðarleg framlög til UNIFEM á Íslandi. Þar með var áttakinu Systralagið hleypt af stokkunum en átakið miðar að því að hvetja Íslendinga til að standa með systur sínum víða um heim og uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti.



Þegar Systralagið var sett á laggirnar mætti þar fjöldi systra til þess að fagna framtakinu.



# Innanlandsstarf 2009



## 30 ára afmæli Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Þann 27. mars var haldin ráðstefna á Hótel Borg um Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna undir yfirskriftinni *Fögur fyrirheit: Kvennasáttmáli SP 30 ára*. UNIFEM hélt ráðstefnuna í samstarfi við átta stofnanir og félög sem sinna jafnréttisstarfi. Varpað var ljósi á ýmsar hliðar sáttmálans, m.a. mismunandi möguleika til að nýta hann betur til að rétta hlut kvenna.

Þann 18. desember síðastliðinn varð Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 30 ára og í tilefni dagsins kom út rit um sáttmálann á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands sem styrkt var af UNIFEM á Íslandi og fleirum. Kvennasáttmálinn tekur til flestra þátta daglegs lífs en með aðild að sáttmálanum skuldbinda stjórnvöld sig til að efla stefnu, lög, stofnanir, aðgerðir og viðhorf sem tryggja jafnrétti kynjanna.



## UNIFEM-UMRÆÐUR

UNIFEM-UMRÆÐUR eru nú orðnar fastur liður í starfi UNIFEM. Markmið fyrirlestraraðarinnar er að varpa ljósi á stöðu kvenna í þróunarríkjum og á stríðshrjádum svæðum sem og að kynna starf UNIFEM. Fyrirlestrarnir eru haldnir fyrsta laugardag hvers mánaðar yfir vetrartímann í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna. Á árinu voru haldnir sex fyrirlestrar m.a. um stöðu kvenna í Afganistan, Palestínu, Suður-Ameríku og Malaví auk þess sem fjallað var um mansal og alþjóðlegt jafnréttissetur á Íslandi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fá Íslendinga sem hafa unnið á vettvangi til að segja frá reynslu sinni og hafa fyrirlestrarnir verið sérlega vel sóttir.

## UNIFEM á ferð um Ísland

UNIFEM á Íslandi hefur nú hafið átak í kynningu á félaginu og starfsemi þess á landsbyggðinni. Á árinu 2009 var farið í tvær heimsóknir en ætlunin er að heimsækja enn fleiri staði á árinu 2010. Í apríl var farið til Akureyrar þar sem haldinn var opinn kynningarfundur í Ketilhúsinu sem um 50 manns sóttu. Þá voru einnig haldnar kynningar á UNIFEM í Menntaskólanum á Akureyri. Í október var haldið í Varmahlíð í tilefni heimstónlistartónleika sem þar voru haldnir. Þeir voru mjög vel sóttir og tókst kynningin á UNIFEM vel í alla staði. Sjálfboðaliðahópur hefur haft veg og vanda að því að skipuleggja verkefnið.



Með útgáfu bókar um Kvennasáttmálann er ætlunin að stuðla að aukinni þekkingu á réttindum kvenna og þar með stuðla að samfélagi þar sem konur njóta jafnréttis. Nágast má bókina á skrifstofu UNIFEM á Íslandi, Mannréttindaskrifstofu Íslands og víðar.

#### **Samstarf mannúðarsamtaka**

UNIFEM á Íslandi á aðild að samstarfshópi mannúðarsamtaka ásamt sjö öðrum samtökum. Í mars stóð samstarfshópurinn fyrir málþinginu *Þrengingar og þróunarsamvinna – styrkur þróunarsamvinnu á tímum samdráttar*. Þar var fjallað um áhrif kreppu á Vest-

urlöndum á þróunaraðstoð og líf í fátækari ríkjum heims.

Samstarfshópurinn á einnig sæti í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu sem er í umsjón utanríkisráðuneytisins. Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi á sæti í ráðinu fyrir hönd hóp-sins. Hlutverk Samstarfsráðsins er að sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um þróunarsamvinnu Íslands.

#### **Heimsókn frá Afganistan**

Í júní fékk UNIFEM á Íslandi heimsókn frá yfirkonu UNIFEM í Afganistan og samstarfskonu hennar sem voru hér á



landi í tengslum við ráðstefnu á vegum utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands. Tóku nokkrar stjórnarkonur á móti þeim og fræddust um starf þeirra að bættum réttindum og stöðu kvenna í Afganistan. Starf þeirra er unnið við mjög erfiðar aðstæður hvað varðar öryggi og mannréttindi en er mjög gagnlegt og árangursríkt.

#### **Langtíburtuistan**

Á Menningarnótt í Reykjavík, þann 22. ágúst, bauð UNIFEM á Íslandi á ný gestum og gangandi á framandi kvennaslóðir. Í Langtíburtuistan var hægt að sjá myndir af lífi og starfi kvenna um heim allan, máta hefðbundna búninga fólks víða að og hlýða á tónlist hinna ýmsu heimshorna.





### Föndurkvöld

Eins og fyrir öll stórafmæli þarf að undirbúa og skreyta. Því var blásið til föndurkvölds þann 9. nóvember fyrir 20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi. Um 40 félagar mættu á kvöldið þar sem Lay Low ásamt Trúbatríxunum Uni og Mysterious Marta skemmtu gestum. Ísland í dag mætti á svæðið og gerði kvöldinu skil í þætti sínum.



### Afmælisrit

Í tilefni af 20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi gaf félagið út afmælisrit þar sem fjallað er um starfsemi UNIFEM á alþjóðavísu, hvaða hindranir mæta konum og hvað UNIFEM gerir til að bæta stöðu kvenna víðs vegar um heim. Einnig var rakin saga UNIFEM á Íslandi í stuttu máli. Það var Margrét Rósa Jochumsdóttir sem ritstýrði og var afmælisritið sent til allra félaga í UNIFEM og UNIFEM-Systra.



### Jólaglögg

Hið árlega jólaglögg UNIFEM á Íslandi var haldið á afmælisdegi Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna föstudaginn 18. desember. Tveir rithöfundar lásu úr verkum sínum auk þess sem hljóm-sveitin Pascal Pinon tók lagið. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir las úr bók sinni *Á mannamáli*, sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Páll Vals-son las úr ævisögu Vigdísar Finnboga-dóttur sem hann ritaði.

### Alþjóðlegt samstarf

Framkvæmdastýra UNIFEM sótti fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar. Þar var áhersla lögð á baráttuna gegn HIV/alnæmi og samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Þá sótti framkvæmdastýra samráðs-fund landsnefnda UNIFEM í Singapore. Í sömu ferð var farið til Kambódíu og kynnst starfi UNIFEM í þágu kvenna þar í landi. Þrír fulltrúar UNIFEM á Íslandi sóttu í nóvember ráðstefnu í



Osló um ályktun Öryggisráðs Samein-uðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi.

### Aðrar kynningar

UNIFEM tók þátt í uppsetningu á leik-verkinu Orbis Terræ í Þjóðmenning-arhúsinu og var með kynningarbás þar sem starfið var kynnt á öllum sýningum verksins. Þá hefur framkvæmdastýra félagsins farið í heimsókn og fengið í heimsókn marga hópa úr mennta-skólum og háskólum.



Úr heimsókn framkvæmdastýru til verk-efna UNIFEM í Kambódíu. Námskeið fyrir farandverkakonur um réttindi þeirra.



# Styrktaraðilar UNIFEM á Íslandi

**UNIFEM á Íslandi þakkar öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn.**

## Utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hefur um árabíl átt farsælt samstarf við íslensk stjórnvöld og þá sérstaklega utanríkisráðuneytið. Árið 2007 var undirritaður þriggja ára samstarfssamningur við ráðuneytið en í honum felst að utanríkisráðuneytið leggur fimm milljónir króna til reksturs félagsins á ári þetta tímabil. Markmið samningsins er m.a. að efla kynningu á hlutverki og starfsemi UNIFEM, stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða í verkefnum íslenskra stjórnvalda og auka samvinnu íslenskra stjórnvalda við UNIFEM. Auk þess styður ráðuneytið við rekstur Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna þar sem UNIFEM er til húsa ásamt UNICEF og Félagi Sameinuðu þjóðanna. UNIFEM á Íslandi þakkar utanríkisráðuneytinu fyrir gott og farsælt samstarf og dyggan stuðning.

## PricewaterhouseCoopers

Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers lagði UNIFEM lið með rausnarlegum hætti og gaf stóran hluta af vinnu sinni við endurskoðun ársreikninga félagsins. Nú þegar samdráttur er í þjóðfélaginu er ánægjulegt að sjá að fyrirtæki geti komið til móts við félagasamtök með því að gefa vöru sína og þjónustu. Með framlagi sínu hefur PwC rennt styrkari stoðum undir rekstrargrundvöll UNIFEM á Íslandi og aðstoðað félagið að sinna starfi sínu í þágu þeirra sem minnst mega sín.

## Oddi

Í febrúar skrifuðu Prentsmiðjan Oddi og UNIFEM á Íslandi undir samstarfssamning. Markmið samstarfsins er að styrkja fræðslu- og kynningarstarf UNIFEM með það að leiðarljósi að auka almenna þekkingu á málefnum kvenna í þróunarlöndum og á áttaksvæðum. Samstarfið felur í sér að Oddi mun veita UNIFEM á Íslandi fría prentun og umbrot af ákveðnum verkum og góða afslætti af öðru efni. Kynningarstarf felur í sér töluverðan kostnað sem til fellur vegna prentverks og umbrotsvinnu og það er því UNIFEM mjög dýrmætt að ganga til samstarfs sem þessa.

## Landsbankinn

Landsbankinn lagði á árinu *Systralaginu* lið með því að fella niður öll þjónustugjöld sem tengjast umsýslu þess hjá bankanum. Kann UNIFEM á Íslandi Landsbankanum sínar bestu þakkir.

## Aðrir styrktaraburðir

Nemendur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti héldu fatamarkað til styrktar UNIFEM og Brenniboltasamband Íslands ánaftað öllum ágóða af Íslandsmeistararamótinu í brennibolta til UNIFEM. UNIFEM á Íslandi þakkar þessum hópum fyrir frumkvæðið og stuðninginn.

## Stuðningur utanríkisráðuneytisins við UNIFEM alþjóðlega

Íslensk yfirvöld hafa aukið stuðning sinn við UNIFEM umtalsvert á síðastliðnum árum. Utanríkisráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti kynjanna, valdeflingu kvenna og mikilvægi kvenna í stefnumótun, friðarviðræðum og fleiri málum á alþjóðlegum vettvangi. Þrátt fyrir lægð í efnahagsmálum hafa íslensk stjórnvöld aukið framlög sín til UNIFEM. Framlög ársins 2009 voru 89,7 milljónir króna.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig kostað fimm stöður hjá UNIFEM á síðastliðnu ári. Um er að ræða annars vegar þrjá stöður á vegum Íslensku friðargæslunnar í Serbíu, Bosníu og Líberíu og var framlag vegna þeirra 49 milljónir. Hins vegar er um að ræða stöður tveggja ungra sérfræðinga á aðalskrifstofu UNIFEM í New York en framlög vegna þeirra á árunum 2008 og 2009 voru 65,4 milljónir króna.



# Ársreikningur UNIFEM á Íslandi 2009

## Tekjur

Tekjur ársins voru 10,2 milljónir. Það söfnuðust 2,5 milljónir í gegnum Systralagið og 1,1 milljón var greidd félagsgjöld. Utanríkisráðuneytið greiddi UNIFEM 5 milljónir á árinu í rekstrarstyrk samkvæmt samstarfssamningi. Aðrar rekstrartekjur vegna vörusölu og umsýslubóknunar voru 925 þúsund auk þess sem auglýsingatekjur vegna tímarits voru 678 þúsund.

Helsta uppistaðan í fræðslu- og kynningarstarfi voru *UNIFEM-Umræður* og *Vitundarvakning á landsbyggðinni* og að auki hélt UNIFEM veglegan afmælisfund. Kostnaður vegna fræðslu og kynningarstarfs var um hálf milljón króna. Tímarit UNIFEM var gefið út á árinu og voru útgjöld vegna þess rúmlega milljón, en að auki var greiddur á árinu kostnaður upp á 900 þúsund vegna tímarits 2008.



## Útgjöld

### Rekstrarkostnaður

Stærsti kostnaðarliður vegna reksturs var starfsmannakostnaður, sem var 4,9 milljónir á árinu. Skrifstofu- og húsnæðiskostnaður var 2,5 milljónir.

### Viðburðir og verkefni

Kostnaður við Systralagið var 1.2 milljónir. Systralagið er verkefni sem miðar að því að fá reglubundin framlög frá einstaklingum en þau munu á komandi misserum verða mikilvæg kjölfesta í fjáröflun UNIFEM á Íslandi til handa verkefnum UNIFEM um heim allan. Kostnaðurinn við átakið í ár var hlutfallslega hár, miðað við það sem safnað var, en þess má geta að framlög UNIFEM-Systra halda áfram að skila sér í verkefnasjóðinn til framtíðar.

## Helstu tekjur og gjöld

### Tekjur

	Í þús. kr.
Söfnunarfé .....	2.523
Félagsgjöld .....	1.151
Styrkir og tekjur til reksturs .....	5.926
Auglýsingatekjur vegna Tímarits .....	678
Samtals .....	<u>10.278</u>

### Kostnaður vegna viðburða og verkefna

Systralagið .....	1.874
Tímarit .....	1.030
Afmæli UNIFEM .....	313
Fræðslu- og kynningarstarf .....	253
Samtals .....	<u>3.470</u>

### Rekstur skrifstofu

Laun og tengdur kostnaður .....	4.942
Rekstur skrifstofu .....	2.587
Samtals .....	<u>7.529</u>



# Overview of 2009

## National Cooperation and Awareness

This year, the NCI has continued its series of lectures on topics related to women and development. Throughout the year, six lectures, were held for open discussions regarding women's issues in Afghanistan, Palestine, South-America, Malawi and on topics such as human trafficking in women and an international gender equality training center at the University of Iceland.

In June, the NCI launched a new fundraising and awareness project. The project, called *Sisterhood*, aims at getting new members to donate certain amount every month through auto-

matic bank transfer or credit card withdrawal. The term *Sisterhood* refers to solidarity among women. The slogan of the campaign is: *Sisterhood – Women's Solidarity Across Borders and Cultures*. By joining the *Sisterhood* you become a *UNIFEM-Sister* and a supporter of the work of UNIFEM for the benefit of all women of the world.

The campaign is based on a face-to-face interaction with the general public. Five young women were hired to approach people on the streets and in public places and invite them to become UNIFEM-Sisters. They are very well noticeable in their orange T-shirts, but the NCI is still going with the orange color since the butterfly campaign. The campaign asks people to donate ISK 1,000 (about US\$8) per month. Most new members sign up for that amount, but it ranges from ISK 500-1,500 (\$4-\$12). In the year 2009 500 Sisters signed up and that translates to a total donation of \$40.000 – \$45.000 on an annual basis. This way the NCI hopes to ensure a stable and long term financial support to the cause of UNIFEM.

In August, the NCI had an open house during the annual Reykjavik Culture Night inviting people to get acquainted with UNIFEM, by means of listening to music and stories about women. Furthermore, people were invited to look at photographs, artifacts and national

costumes of women from around the globe.

On the International Day for the Elimination of Violence Against Women, the NCI celebrated its 20th anniversary. Guest of honors were Sæunn Andrésdóttir and Kristjana Milla Thorsteinsson, who founded the national committee on the 18th of December 1989, and Johanna Sigurdardóttir, the Prime Minister of Iceland, the first female to serve in that capacity. In addition to their presentations, Lina Mazar, a Palestinian refugee living in Iceland, shared her experience from refugee camps in Iraq and Ragna Sara Jonsdóttir, the President of UNIFEM in Iceland, addressed the 150 guests at the party. The poet Audur Jonsdóttir recited a poem on women and war which she had composed for the occasion. Musicians, singers and actors shared their talents with the audience. The birthday party was a huge success and received wide media coverage. Over 30 volunteers participated in organizing and executing the event. The NCI also published its annual magazine, which emphasized on how the works and efforts of UNIFEM are carried out. The aim of the annual publication is to increase general public's awareness and interest in the cause and efforts of UNIFEM. After the birthday party the NCI along with over 40 other women's and human rights groups participated in a Walk of Light led by prominent public figures





carrying torches, sparklers and orange balloons. The walk went down to the Waterfront facing the Imagine Peace Tower which was illuminated to bring gender-based violence to light.

#### **Sponsors of the National Committee for UNIFEM in Iceland 2009**

In the beginning of 2007 the NCI signed a contract with the Ministry of For-

eign Affairs that stipulates ISK 5 million per year for three years (2007-2009) to the NCI in cooperation for increasing public's awareness and interest for UNIFEM. In addition, the agreement encourages gender mainstreaming into public policy making and increased cooperation between the NCI and Icelandic authorities.

The NCI signed contracts with Oddi, printing house, and PriceWaterhouse-Coopers, auditing company, this year. Both companies provide the NCI with either free services and/or generous discounts. Thereby Oddi and PWC contributed to the goal of the NCI of carrying out its mission of raising public awareness and fundraising with as little cost as possible.

At last but not least, praise and gratitude goes to the individuals, groups and other companies who contributed to the NCI this year. Such contributions and dedications are highly appreciated.

#### **Government Support**

The Government in Iceland has increased its support to UNIFEM considerably in the last few years. The Ministry for Foreign Affairs has repeatedly emphasized the importance of gender equality and women's empowerment, and considers women extremely important in policy making, peace negotiations and other related issues on the international arena. Despite the economic crisis, the Ministry has fulfilled its commitment to the cause and to UNIFEM and contributed ISK 89.7 million this year to UNIFEM.

In 2009 the Ministry also sponsored five UNIFEM field positions, which were occupied by Icelandic staff. Three Icelanders were recruited by the Icelandic Crisis Response Unit of the Ministry for Foreign Affairs to work for UNIFEM field missions in Serbia, Bosnia and Liberia and two women were recruited to work as JPO's at the UNIFEM headquarters New York. The contribution related to these positions was ISK 113.5 million.





Á myndinni eru: Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, Edda Huld Sigurðardóttir, Ásdís Elva Guðmundsdóttir, Ragna Sara Jónsdóttir, Helga Þórólfsdóttir, Magnea Marinósdóttir og Sigríður Erla Jónsdóttir.

Á myndina vantar: Regínu Bjarnadóttur, Elsu Guðmundsdóttur og Örnú Garðarsdóttur.

# Stjórn UNIFEM á Íslandi 2009–2010

## Formaður

Ragna Sara Jónsdóttir, M.Sc. í alþjóðaviðskiptum

## Varaformaður

Magnea Marinósdóttir, stjórn málafræðingur

## Gjaldkeri

Elsa Guðmundsdóttir, fjármálastjóri

## Meðstjórnendur

Ásdís Elva Guðmundsdóttir, verkfræðingur og MBA

Edda Huld Sigurðardóttir, kennslufræðingur og MBA

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, framhaldsskólakennari

Helga Þórólfsdóttir, félagsráðgjafi og friðarfræðingur

Sigríður Erla Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

Sólveig Arnarsdóttir, leikkona

## Varastjórn

Arna Garðarsdóttir, starfsmannastjóri

Regína Bjarnadóttir, þróunarhagfræðingur

## Framkvæmdastýra

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, BA í mannfræði

Aðalfundur UNIFEM á Íslandi var haldinn

31. mars 2009 og tók þá ofantalin stjórn til starfa.

Dóra Sif Tynes, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Jónína Helga Þórólfsdóttir, Katrín Hauksdóttir og Margrét Rósa Jochumsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Eru þeim þökkúð góð störf í þágu UNIFEM á Íslandi. Regína Bjarnadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku en tók þess í stað sæti í varastjórn og Ragna Sara Jónsdóttir var kosin formaður.

## Takk!

Stjórn og starfsfólk UNIFEM á Íslandi á mikið að þakka þeim mörgu samstarfsaðilum og velunnurum sem koma að starfi félagsins. Bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt UNIFEM mikinn velvilja og stuðning. Margir hafa veitt félaginu gjafir og afslætti og stutt þannig við reksturinn. Fjöldi sjálfbóðaliða hefur tekið þátt í starfinu og gert það að veruleika. Við sendum okkar bestu þakkir og kveðjur til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóg við að auka umræðu og styðja fjárhagslega við baráttuna fyrir bættri stöðu kvenna í þróunarlöndum.



**UNIFEM á Íslandi**  
Laugavegi 42  
Miðstöð Sameinuðu  
þjóðanna á Íslandi  
101 Reykjavík  
Sími 552 6200  
unifem@unifem.is

